

Innkaupastefna

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

GILDISSVIÐ: Innkaupastefna þessi er byggð á lögum og reglugerðum um opinber innkaup og tekur mið af stefnu ríkisins um sjálfbær innkaup sem gefin var út í janúar 2021.

Inngangur

Innkaupastefna þessi er einn af hornsteinum FSRE en í henni er lýst framtíðarsýn og leiðarljósum fyrir skipulag innkaupamála í nýrri stofnun FSRE. Á grundvelli stefnunnar verður unnin tímasett aðgerðaáætlun til fimm ára.

Innkaupamál FSRE falla undir lög um opinber innkaup nr. 120/2016 en markmið þeirra eru að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og að efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.

Stefna þessi byggir á grunni innkaupastefnu stjórnvalda sem gefin var út í janúar 2021 til fimm ár undir heitinu „Sjálfbær innkaup - Stefna ríkisins“. Í stefnu stjórnvalda voru sett fram fjögur meginmarkmið þ.e. sjálfbær innkaup, hagkvæm innkaup, nýskapandi innkaup og gagnsæ innkaup. Þessi fjögur markmið stjórnvalda eru hér heimfærð á starfsemi FSRE.

Sem einn stærsti kaupandi verklegra framkvæmda og tengdrar þjónustu og vöru hérlendis getur FSRE haft margvísleg jákvæð áhrif með því að beita skýrri stefnu þegar kemur að skipulagningu innkaupaferla, samningskröfum og eftirfylgni innkaupa. Innkaup skipta miklu máli fyrir umhverfið því með þeim má stuðla að minnkum kolendisspors hins opinbera og stuðla að aukinni sjálfbærni. Þá geta viðeigandi innkaupaferlar stuðlað að aukinni nýsköpun í landinu og verðmætasköpun ásamt því að vera mikilvægt tól til að auka jafnræði og jafnrétti. Með stefnu þessari er skapaður rammi fyrir frekari framþróun innkaupa FSRE í átt að aukinni sjálfbærni, hagkvæmni, nýsköpun og gagnsæi.

Framtíðarsýn

Innkaup FSRE eru framsækin og sjálfbær og taka mið af umhverfis- og loftslagssjónarmiðum

Innkaup byggja á skilgreindum markmiðum og greiningu gagna, eru framkvæmd á gagnsæjan hátt og stuðla að samkeppni og nýsköpun.

Starfsfólk FSRE innir störf sín af hendi af þekkingu og heiðarleika og mætir nýjum áskorunum í samvinnu við markaðinn.

Fjármunir eru nýttir á samfélagslega ábyrgan hátt með hagsæld landsins og góða þjónustu við almenning að leiðarljósi.



Ferli innkaupa

Leiðarljósum FSRE um sjálfbær, hagkvæm, nýskapandi og gagnsæ innkaup er beitt á öllum stigum innkaupaferlisins

SJÁLFBÆR INNKAUP



Greining áhrifa

Við leitumst við að greina fyrirfram líkleg neikvæð áhrif innkaupa á náttúru og samfélag.

AÐDRAGANDI



Lágmörkun neikvæðra áhrifa

Við leitumst við að skilgreina kröfur þannig að þær lágmarki neikvæð áhrif á náttúru og samfélag.

INNKAUPAFERLI



Eftirfylgni

Við fylgjum markvisst eftir samningskröfum og styðjum samningsaðila í að ná settum markmiðum.

SAMNINGSTÍMI



Mat á áhrifum

Í lok ferlis metum við áhrif innkaupanna á náttúru og samfélag og drögum lærdóm fyrir næstu innkaupaferli.

LOK SAMNINGS

HAGKVÆM INNKAUP



Greining markaðsaðstæðna

Við leitumst við að eiga virkt samtal við markaðinn og nýta markaðskannanir þar sem við á. Undirbúningur innkaupa er lykilatriði

AÐDRAGANDI



Áhersla á heildarhagkvæmni

Við lítum svo á að hagkvæmni í innkaupum taki allt að einu til gæða, kostnaðar og tíma.

INNKAUPAFERLI



Sameiginlegur hagur

Við leitumst við að haga samningssambandi þannig að samningsaðilar hafi sameiginlegan hag af aukinni hagkvæmni.

SAMNINGSTÍMI



Mat á hagkvæmni

Í lok ferlis metum við útkomu innkaupanna með tilliti til hagkvæmni og drögum lærdóm fyrir næstu innkaupaferli.

LOK SAMNINGS



NÝSKAPANDI INNKAUP



Samtal við markaðinn

Við leitumst við að eiga virkt samtal við markaðinn og vera vakandi fyrir nýjum lausnum og hugmyndum.

AÐDRAGANDI



Hvatning til nýsköpunar

Við leitumst við að skilgreina kröfur þannig að þær hvetji til og stuðli að nýsköpun.

INNKAUPAFERLI



Hagur af nýsköpun

Við leitumst við að haga samningssambandi þannig að samningsaðilar hafi sameiginlegan hag af nýsköpun.

SAMNINGSTÍMI



Mat nýsköpunarháttanna

Í lok ferlis metum við útkomu innkaupanna með tilliti til nýsköpunar og þróum fyrir næstu innkaupaferli.

LOK SAMNINGS

GAGNSÆ INNKAUP



Athygli á innkaupum

Við leitumst við að vekja athygli markaðarins á þeim tækifærum sem felast í fyrirhuguðum innkaupum.

AÐDRAGANDI



Jafnræði

Við setjum kröfur fram með skýrum og gagnsægjum hætti þannig að aðilum sé auðvelduð þátttaka á jafnræðisgrundvelli

INNKAUPAFERLI



Upplýsingagjöf

Við gætum að vandaðri upplýsingagjöf og gagnsæi gagnvart samningsaðilum og haghöfum á samningstíma.

SAMNINGSTÍMI



Miðlun árangurs

Í lok ferlis greinum við lykilárangursþætti innkaupaferlis, drögum lærdóm og miðlum með aðgengilegum og vönduðum hætti.

LOK SAMNINGS